

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 117. gr., sbr. IV. kafla laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1994.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Ingi Valur Jóhannsson.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum í Faxaflóa, Húnaflóa og á Fljótagrunni.

1. gr.

Frá og með 15. október 1994 til og með 31. mars 1995 eru allar veiðar með línu bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á svæði í norðanverðum Faxaflóa, sem afmarkast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°44,50 N - 23°39,00 V
2. 64°41,30 N - 23°39,00 V
3. 64°39,00 N - 22°57,00 V
4. 64°31,00 N - 23°04,00 V
5. 64°30,00 N - 22°57,00 V
6. 64°35,00 N - 22°52,00 V
7. 64°37,00 N - 22°44,00 V
8. Þormóðssker
9. 64°27,60 N - 22°11,32 V

Að norðan takmarkast svæðið af fjöruborði.

2. Á þremur svæðum í Húnaflóa, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- A.
1. 66°19,70 N - 22°12,00 V
 2. 66°19,70 N - 21°22,00 V
 3. 66°08,00 N - 21°15,00 V
 4. 66°08,00 N - 21°21,00 V
 5. Gjögurviti

Að vestan takmarkast svæðið af fjöruborði.

- B.
1. 66°00,00 N - 21°19,00 V
 2. 66°00,00 N - 21°14,00 V
 3. 65°44,00 N - 21°14,00 V
 4. 65°44,00 N - 21°20,60 V

Að vestan takmarkast svæðið af fjöruborði.

- C.
1. 65°40,00 N - 21°40,00 V
 2. 65°40,00 N - 21°01,00 V
 3. 65°54,00 N - 20°54,00 V
 4. 65°55,00 N - 20°41,00 V
 5. 65°40,00 N - 20°38,00 V

Að sunnan takmarkast svæðið af fjöruborði.

3. Á svæði á Fljótagrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Straumnsviti
2. 66°05,00 N - 19°35,00 V
3. 66°15,88 N - 19°19,78 V
4. 66°16,28 N - 19°15,07 V
5. 66°11,48 N - 19°14,95 V
6. 66°14,44 N - 18°41,15 V
7. 66°09,25 N - 18°40,00 V

Að sunnan takmarkast svæðið af fjöruborði.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. október 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.